



Kennari:	Birna Sigurkarlsdóttir birna@fsu.is	Sk.st.	BS
-----------------	---	---------------	-----------

Áfangalýsing: Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

Hlustun: Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

Ritun: Nemendur skrifa stutta texta og fjölbreytta texta, nota nútíð og þátíð.

Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

Lestur: Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta af veraldarvefnum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

Leikni markmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d. frá grein eða frétt af veraldarvefnum

Námsefni:

- **Efni af veraldarvefnum**
- Skáldsaga: **Trælkvindens søn**, (Sagan sett inn í Innu)
- Smásögur: **Pip i papkassen og Gnist** (Efni úr Gnist sett inn í Innu)
- **Fjölmiðlar (DR)**

Kennsluáætlun í DANS1DL05, vorönn 2021

Vika	Dagsetning	Námsefni - Viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	7.jan. – 29. jan	Vinna með orðabók, fara í helstu málfræðiatríði, sjónvarpsefni, Pip i papkassen (smásögur).	Orðabókaverkefni, málfræðiverkefni, hlustun og lestur smásagna +verkefni.
5 - 8	1. feb. – 28. feb.	Pip i papkassen (smásögur), Gnist(smásögur), sjónvarpsefni, ritun.	Hlustun, lesskilningsverkefni, munnlegt próf og ritun.
9 - 12	1. mars. – 26. mars.	Pip i papkassen (smásögur), Gnist (smásögur), sjónvarpsefni og ritun.	Ritunarverkefni, hlustunarpróf, lesskilningsverkefni, munnleg verkefni. Páskafrí
13 - 17	7. apríl. – 7. maí	Gnist (smásögur), sjónvarpsefni og ritun. Trælkvindens søn (þjóðsaga), sjónvarpsefni og ritun.	Munnlegt próf, Lesskilningsverkefni, hlustunarpróf og ritun.

Áfanginn er án lokaprófs.

Námsmat er fjölbreytt og fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Námsmatið nær til allra færniþátta tungumálsins þ.e. Lesturs og lesskilnings, hlustunar, ritunar og talaðs máls. Flest öll verkefni eru metin til námsmats.

Námsmat:

Námspáttur	Fjöldi verkefna /námsmats	Vægi
Ritun	3	15%
Munnlegt	2-3	15%
Hlustun	2	20%
Þjóðsaga	2	10%
Smásögur	5	30%
Virkni og vinnubrögð		10%

ATH. Nemendur verða að temja sér að fara inn á Innu daglega til að fylgjast með hvað er á döfinni.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

Birna Sigurkarlsdóttir